

Nautgripasæðingar 2019

Sveinbjörn Eyjólfsson

NBI ehf, Hesti


Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2019 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.

Við skulum halda áfram að skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm virðist hafa fækkað á árinu 2017 (unnið með fjöldatölur ársins á undan) og þess verður strax vart í fjölda sæðinga árið 2018. Bæði er heildarfjöldi sæðinga minni þá en árið 2017 og fyrstu sæðingum fækkar verulega. Breytingin fyrir árið 2019 er óveruleg hvað varðar fyrstu sæðingar en heildarfjöldi vex sem ákveðið veldi af lægra metnu fanghlutfalli.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	Allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	26.276		44.773	
2013	26.890	2%	46.782	4%
2014	28.752	9%	51.991	16%
2015	29.971	14%	54.419	22%
2016	29.259	11%	51.573	15%
2017	31.205	19%	51.548	15%
2018	28.551	9%	48.926	9%
2019	28.253	8%	50.671	13%

Á árinu 2019 voru sæddar 28.253 (28.551) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 86,9% af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt talningu árið á undan. Sambærilegt hlutfall ársins á undan var mun lægra eða um 80%. 87% er mjög gott hlutfall og í raun það sem maður trúir að sé rétt en 80% er lágt. En þar sem kúm er að fækka kann þessi lága talan frá árinu 2018 taka mið af þeirri fækkun. Því hefur hlutfallið trúlega verið hærra. Þá er heildarfjöldi sæðinga árið 2018 minni sem er eðlilegt þar sem kúm er að fækka. Aukinn fjöldi allra sæðinga árið 2019 vísar til þess að metið fanghlutfall lækkaði aðeins.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga áráanna 2008 til 2019, sem þýðir að kýrin kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur lækkað um 2 af hundraði á milli ára. Það er ekki það sem maður vill sjá. Ris í fanghlutfalli yfir sumartímamann kemur ekki fram, sem hefur auðvitað líka áhrif. Við höfum verið á uppleið, höfum innleitt nýjungar og talið okkur vera að uppskera þar. En eins og sést síðar eru nokkur reynd naut sem svíkja. Og það er fljótt að telja.



Tafla 1 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem koma til mats er svipaður en árangurinn á sl. ári fellur um 2 af hundraði miðað við fyrra ár. Munar þar mestu, vegna fjölda kúa, um fall í Árnessýslu en þar munar um 6 af hundraði milli ára. Þá fellur árangur á Vesturlandi verulega, en þó ekki á Snæfellsnesi. Eins er verulegt fall í A-Skaft. Ég kann engar viðhlítandi skýringar á þessu falli né heldur af hverju svæðin þróast jafn misjafnt og raun ber vitni.

Samanburður milli áráanna 2017, 2018 og 2019						
Búnaðar-samband	2017		2018		2018	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur
Kjalnesinga	324	70%	295	75%	291	61%
Borgarfjarðar	1.884	68%	2.006	68%	1.771	64%
Snæfellinga	624	71%	726	69%	631	68%
Dalamanna	364	71%	361	73%	298	66%
Vestfjarða	484	75%	524	77%	439	77%
Strandamanna	77	77%	77	77%	92	79%
V-Hún.	518	67%	518	67%	507	68%
A-Hún.	811	75%	811	75%	834	74%
Skagafjarðar	2.281	73%	2.260	69%	2.277	67%
Eyjafjarðar	4.225	70%	4.440	69%	4.503	69%
S-Þing.	1.352	69%	1.328	66%	1.257	65%
Austurlands	833	66%	900	63%	867	62%
A-Skaft.	441	69%	425	76%	429	68%
V-skaft	559	72%	511	72%	537	70%
Rangárvalls	3.555	69%	3.600	68%	3.650	67%
Árnessýsla	4.961	67%	5.308	66%	5.318	60%
Landið	23.293	69%	24.157	68%	23.701	66%

Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna í hausttalningu árið á undan. Auðvitað er erfitt að nýta „úreltar tölur“ í svona samanburði því fækkun eða fjölgun milli ára skilar sér seint. Það má t.d. sjá að yfirliti Strandasýslu. Það segir að 103 af hundraði hafi verið sæddar fyrstu sæðingu, sem auðvitað gengur ekki upp. Þar hefur fjölgun kúa á árinu 2019 verið nokkur, sem gefur þessa útkomu.

Annað sem vert er að hafa í huga og breytir þessari töflu mikið er að nú eru holdakýr ekki með. Það sést gleggst á hlutfallslegri notkun í Kjalarnesþingi.

En yfirlitið fyrir árið 2019 er bara nokkuð gott, þó enn sé verk að vinna á nokkrum svæðum.


2017					
Búnaðar-	Fjöldi	Fjöldi		2017	Hlutfall
samband	Kúa	Kvígna	Samtals	1.sæðing	sætt
Kjalnesinga	541	120	661	382	57,79%
Borg/Snæ	3.215	665	3.785	3.509	92,71%
Dalamanna	457	114	571	605	105,95%
Vestfjarða	753	185	938	572	60,98%
Strandamanna	62	25	87	90	103,45%
V-Hún.	743	191	934	672	71,95%
A-Hún.	995	231	1.226	1.006	82,06%
Skagafjarðar	2.875	582	3.457	2.844	82,27%
Eyjafjarðar	4.801	1.130	5.931	5.635	95,01%
S-Þing.	1.660	420	2.080	1.753	84,28%
Austurlands	1.050	223	1.273	1.160	91,12%
A-Skaft.	510	91	601	639	106,32%
Suðurlands	10.929	2.562	13.491	12.080	89,54%
Landið	28.591	6.539	35.035	30.947	88,33%

2018					
Búnaðar-	Fjöldi	Fjöldi		2018	Hlutfall
samband	Kúa	Kvígna	Samtals	1.sæðing	sætt
Kjalnesinga	523	120	643	340	52,88%
Borg/Snæ	3.242	744	3.785	3.249	85,84%
Dalamanna	444	74	518	480	92,66%
Vestfjarða	714	193	907	585	64,50%
Strandamanna	83	14	97	86	88,66%
V-Hún.	687	196	883	606	68,63%
A-Hún.	995	264	1.259	1.001	79,51%
Skagafjarðar	2.969	727	3.696	2.769	74,92%
Eyjafjarðar	4.921	1.141	6.062	5.368	88,55%


S-Þing.	1.657	333	1.990	1.584	79,60%
Austurlands	1.032	222	1.254	1.066	85,01%
A-Skaft.	529	90	619	456	73,67%
Suðurlands	11.211	2.553	13.764	10.958	79,61%
Landið	29.007	6.671	35.477	28.548	80,47%

2019					
Búnaðar-samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2019 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	311	70	381	338	88,71%
Borg/Snæ	3.028	595	3623	3.143	86,75%
Dalamanna	447	49	496	460	92,74%
Vestfjarða	618	142	760	475	62,50%
Strandamanna	83	14	97	100	103,09%
V-Hún.	559	164	723	565	78,15%
A-Hún.	923	248	1171	1.038	88,64%
Skagafjarðar	2696	689	3385	2.889	85,35%
Eyjafjarðar	4818	1045	5863	5.279	90,04%
S-Þing.	1463	343	1806	1.533	84,88%
Austurlands	984	182	1166	1.028	88,16%
A-Skaft.	469	93	562	471	83,81%
Suðurlands	10.078	2.397	12475	10.924	87,57%
Landið	26.477	6.031	32.508	28.243	86,88%


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru nú aftur í janúar en ekki í mars eins og í fyrra. Þá dregur enn úr sæðingum í lok ársins.




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára, helst að þeim fjölgi hlutfallslega í maí en fækki í desember.




Á mynd 4 má sjá að alltaf finnst munur á metnu fanghlutfalli milli mánaða. Hæst er metið fanghlutfall í nóvember, sem er frekar sérstakt, og næst í maí. Fall í ágúst, sem alltaf er annars góður vekur athygli.




Á mynd 5 má sjá að alls voru 36 óreynd naut notuð í 150 fyrstu sæðingum eða þremur fleiri en árið 2018. Á myndinni kemur fram árangur þessara nauta. Meðalfanghlutfall þeirra er 69%, sem er einum af hundraði lægra en í fyrra. Þrjú naut hafa metið fanghlutfall lægra en 65 af hundraði, sem er tala sem við viljum ekki sjá. Varasamt er að taka þessar tölur of hátiðlega því það er svo margt sem ræður niðurstöðu. Benda má á að nautið Flýtir 17061 er nú með metið fanghlutfall 68 af hundraði en hann var einnig með í skýrslu í fyrra og þá með metið fanghlutfall upp á 64 af hundraði!! Merkileg niðurstaða þegar heildin fer niður um 2 af hundraði. Rétt er að geta þess að inni í þessum tölum er einnig metinn árangur með langlífu sæði



Nú á seinni árum höfum við verið að nota langlíft sæði. Flest ungnaut hafa gefið sæði sem fer í þannig blöndun, en þó ekki allveg öll. Sérfræðingar frá Noregi koma bara tvisvar á ári og nautin fá því bara eina sæðistöku í þessa blöndun. Við þekkjum það að þeir gefa ekki alltaf besta sæði í hvert sinn. Norðmennirnir ráða því hvaða sæði fer í notkun því við fáu ekki að greina þetta sæði. Það hefur verið spurt um árangur og ég leyfi mér að birta hér metið fanghlutfall á síðasta ári. Það er birt með fyrirvara því útreikningarnir eru ekki allveg þeir sömu og gilda um annað sæði. Metið fanghlutfall er 66 af hundraði en eins og sést á myndinni er það afar misjafnt eftir nautum.



Á mynd 6 má sjá að á árinu 2019 voru notuð 18 reynd naut (29 árið áður), í 150 fyrstu sæðingum eða fleiri. Þetta eru óvenju fá naut en mörg hver mjög öflug. Árangur þeirra sést á mynd hér fyrir neðan en hann er að meðaltali 63% sem er þremur stigum lægra en árið 2018 er það var 66%. Flest þau naut sem mest voru notuð gefa heldur slaka niðurstöðu en þau sem fá betra mat eru minna notuð.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá betri árangur en útkoma ársins segir til um. Þrátt fyrir það getur árangurinn átt sér eðlilegar skýringar. Hann er misjafn milli landshluta, búa, frjótækna og mjög misjafn milli nauta. Umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til að viðhalda áframhaldandi kynbótum í kúastofninum.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að láta frá okkur gott og heilbrigt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Við söknum þess að hafa ekki dýralækni hjá okkur lengur í föstu starfi en við reynum okkar besta.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Þriðja árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótæknafræðingarnir sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt huppa.is standa þar því frjótæknafræðingarnir eftir og jafnir. Það eru þeir Ingvar Vagnsson á Hlíðarenda í S-Þing, Ólafur Benediktsson í Miðhópi og Gísli Geirsson á Mosfelli. Þeir hafa allir metinn árangur upp á 73 af hundraði á síðasta ári. Þá má í framhjálaupi geta þess að sá sem sæddi flestar fyrstu sæðingar á síðasta ári er Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði en þær voru 2.799 talsins og þar af komu 2.582 til uppgjörs..